

**Tillögur að breytingum
á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald,
með síðari breytingum, sbr. þingskjal 171 og 151 mál.**

1. brtt.

Heiti frumvarpsins verður frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, og lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

2. brtt.

Á undan 1. gr. frumvarpsins kemur eftirfarandi kaflafyrirsögn: I. KAFLI. BREYTING Á LÖGUM NR. 36/1978, UM STIMPILGJALD, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM.

3. brtt.

Í stað orðanna “gildistöku þessa ákvæðis til 1. janúar 2009” í 1. gr. frumvarpsins kemur: 6. október 2008 til 1. janúar 2010.

4. brtt.

Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

Á eftir 1. másl. 26. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er skilyrði samkvæmt 1. másl. að sami kröfuhafi sé að hinu nýja skuldabréfi og var að hinu eldra.

5. brtt.

Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laganna skal þegar fasteignaveðskuldabréf einstaklings er, á tímabilinu frá 6. október 2008 til 1. janúar 2010, endurnýjað með nýju fasteignaveðskuldabréfi sem kemur í stað þess eldra, og vanskilum er bætt við hinn upprunalega höfuðstól, ekki greiða stimpilgjald af þeim vanskilum sem bætt er við samkvæmt hinu nýja fasteignaveðskuldabréfi. Er ákvæði þetta óháð því hvort um nýjan kröfuhafa er að ræða samkvæmt hinu nýja fasteignaveðskuldabréfi.

6. brtt.

Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. og 26. gr. laganna skal ekki greitt stimpilgjald af þeim kröfuhafaskiptum á fasteignaveðskuldabréfum sem til koma ef Íbúðalánasjóður nýtir þá heimild sem honum er veitt í V. kafla laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

7. brtt.

Við frumvarpið bætist nýtt kaflaheiti, svohljóðandi:

II. KAFLI. BREYTING Á LÖGUM NR. 88/1991, UM AUKATEKJUR RÍKISSJÓÐS, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM.

8. brtt.

Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, skal ekki greiða þinglýsingargjald af skjölum sem stimpilfrjáls eru samkvæmt ákvæði I til III til bráðabirgða í lögum um stimpilgjald.

Athugasemdir við breytingartillöguna

Með breytingartillögunni eru lagðar til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að við frumvarpið verði bætt almennri breytingu á 26. gr. laganna, sem snýr að endurfjármögnun þ.e. þegar nýtt veðskuldabréf er gefið út í stað eldra, í þá veru að sama regla gildi um töku stimpilgjalds við endurfjármögnun óháð því hvort endurfjármögnun sé við sama kröfuhafa eða nýjan kröfuhafa. Samkvæmt 26. gr. laganna ber að greiða hálf stimpilgjald af hinum nýja höfuðstól við endurfjármögnun (að því gefnu að hann sé ekki hærri en sem nemur uppreiðslufjárhæð eldra bréfsins) ef um sama kröfuhafa er að ræða. Ákveðið ójafnræði er í því milli lánastofnana og hindrun fyrir skuldara til að endurfjármagna veðskuldabréf sín hjá nýjum aðila. Með breytingartillögunni er verið að bregðast við því og lagt til að helmingaregla 26. gr. laganna gildi óháð því hvort um nýjan kröfuhafa sé að ræða eða ekki, í kjölfar endurfjármögnunarinnar. Er þessi breytingartillaga almenns eðlis og því ótímabundin.
2. Lagt er til að hin tímabundna aðgerð sem mælt er fyrir um í frumvarpinu gildi frá 6. október til 1. janúar 2010. Er þannig einstaklingum gefin rýmri tími til að endurskoða fyrirkomulag fasteignaveðskuldabréfa sinna.
3. Lagt er til að við frumvarpið verði bætt að ekki verði tekið stimpilgjald af vanskilum sem, á tímabilinu frá 6. október til 1. janúar 2010, er bætt við höfuðstól upphaflegs fasteignaveðskuldabréfs með endurfjármögnun, hvort sem er við sama kröfuhafa eða nýjan kröfuhafa. Er þessi tillaga í samræmi við það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu varðandi það þegar vanskilum er bætt við fasteignaveðskuldabréf með skilmálabreytingum. Með þessu geta einstaklingar valið, óháð töku stimpilgjalds, hvort vanskilum sé bætt við með skilmálabreytingu eða endurfjármögnun, og óháð kröfuhafa. Eftir sem áður ber, skv. 26. gr. laganna, að greiða hálf stimpilgjald af hinum uppgreidda höfuðstól hins eldra bréfs, þrátt fyrir að það sem bætist við í formi vanskila sé stimpilgjaldsfrjálst.
4. Lagt er til að ekki skuli taka stimpilgjald af þeim kröfuhafaskiptum á fasteignaveðskuldabréfum sem til koma ef Íbúðalánasjóður nýtir þá heimild sem honum er veitt í V. kafla laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Ólíkt því sem gildir um endurfjármögnun þá þarf ekki að leita samþykkis skuldara fyrir slíkri yfirfærslu, sbr. 11. gr. lagas nr. 125/2008, og er því eðlilegt að fella niður stimpilgjald af slíkum gjörningi með vísan til tilgangs og eðli laga nr. 125/2008.
5. Lagt er til að á tímabilinu 6. október 2008 til 1. janúar 2010 verði ekki innheimt þinglýsingargjöld vegna þeirra skjala sem frumvarpið kveður á um og fela í sér uppgreiðslu vanskila á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga. Gildir það jafnt um þau

skjöl sem í frumvarpinu er kveðið á um, þ.e. skilmálabreytingar, endurfjármögnun og útgáfu nýrra veðskuldabréfa til uppgreiðslu vanskila. Að auki gildir það um kröfuhafaskipti þau sem heimiluð eru í V. kafla laga nr. 125/2008.